

# Forvarnarstefna Grunnskóla Hornafjarðar

---

Forvarnarstefna Grunnskóla Hornafjarðar byggir á Aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Einn veigamesti þáttur í forvarnavinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra auk hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar. Tilgangur stefnunnar er meðal annars að ýta undir sjálfsaga og þá tilfinningu að hver og einn beri ábyrgð á eigin líðan og hegðun, viðurkenni mistök og læri að leiðrétta þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þá er lögð rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Grunnskóli Hornafjarðar starfar einnig í anda Heilsueflandi grunnskóla. Í heilsueflandi skóla er hugað sérstaklega vel að andlegri og líkamlegri líðan nemenda og starfsfólks, sem og umhverfi skólans í góðri samvinnu við heimilin og nærsamfélag skólans.

## *Markmið með forvörnum er að:*

- Stuðla að öflugu foreldrasamstarfi
- Stuðla að heilbrigðum lífsháttum
- Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn
- Styrkja félagsfærni
- Efla og styrkja nemendur í eigin námi á þeirra forsendum
- Efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu

## *Leiðir að markmiðum:*

- Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt (tilfinningaleg heilsa og vellíðan), útivistartíma, ábyrga tölvunotkun, hegðun, viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordóma.
- Stuðla og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám.
- Hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíl meðal nemenda.
- Fræðsla til starfsfólks skólans.
- Fræðsla til nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans.
- Starfsfólk grunnskólans sameinast um að vinna eftir forvarnaráætlun sem sett hefur verið upp.